

Félags- og jafnréttismálaráðuneytið,
Skógarrhlíð 6,
105 Reykjavík

Reykjavík 9. júní 2017

Vegna upplýsinga sem koma fram í svari félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni, alþingismanni, varðandi vistunarúrræði fyrir börn með fötlun telja Landssamtökin Proskahjálpi nauðsynlegt að skoðað verði sérstaklega hvernig eftirliti og framkvæmd er háttað varðandi vistun fatlaðra barna hér á landi.

Í svari ráðherra kemur m.a. fram að 16 börn eru vistuð utan heimilis í varanlegu úrræði á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks. Í því sambandi skal bent á að í þeim lögum er ekki nein sérstök heimild varðandi vistun barna og hefur svo ekki verið í meira en sex ár.

Félags- og jafnréttismálaráðherra ber ábyrgð á framkvæmd laga um málefni fatlaðs fólks og eftirliti með henni, þ.m.t. með því að framkvæmd þjónustu sé í samræmi við markmið laganna.

Í tilvitnuðu svari ráðherra kemur fram að það þurfti að afla upplýsinga hjá sveitarfélögum um fjölda vistaðra barna. Einnig kemur þar fram að að öllum líkindum séu þau börn sem eru vistuð með alvarlegar geð- og þroskaraskanir.

Með vísan til umræddrar fyrirspurnar og svars ráðherra við henni og þess sem að framan er rakið fara Landssamtökin Proskahjálpi þess á leit að ráðuneytið svari, svo skjótt sem verða má, eftirfarandi spurningum og kalli ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu án tafar eftir nauðsynlegum upplýsingum frá þeim aðilum sem við á.

1. **Hvernig er eftirliti ráðuneytisins skv. 3. grein laga um málefni fatlaðs fólks háttað hvað varðar vistun fatlaðra barna sem ekki eru vistuð samkvæmt barnaverndarlögum?**
2. **Ef ráðuneytið hefur ekki beint eftirlit með vistun barna er óskað upplýsinga um hvort það hafi falið einhverjum öðrum að annast það eftirlit eða hafi gengið úr skugga um að eftirlit sé til staðar?**
3. **Veit ráðuneytið við hvaða aðstæður umrædd börn búa, hver er fjöldi barna sem eru vistuð á sama stað og hvort þau séu vistuð með fullorðnu fólki?**
4. **Veit ráðuneytið um aldur þeirra barna sem eru vistuð?**
5. **Veit ráðuneytið um hvaða önnur úrræði hafi staðið foreldrum vistaðra barna til boða áður en til vistunar þeirra kom?**
6. **Veit ráðuneytið hvað fagaðilar komu að ákvörðun um vistun barna?**
7. **Veit ráðuneytið hvaða fagaðilar annast umönnun umræddra börn?**

8. **Telur ráðuneytið, m.a. í ljósi skýrslu um vistun barna á Kópavogshæli og tillagna vistheimilaneftndar, að núverandi fyrirkomulag á vistun fatlaðra barna hér á landi sé viðunandi?**

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Afrit sent réttindavakt velferðarráðuneytisins.